Nd. **606. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Sveinn Ólafsson.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »Landsbanki« í 1. málsgr. komi: Þjóðbanki.
   b. Síðari málsliður (»Á Norðurlandamálum ....... samsvarandi heiti«) falli niður.
2. Fyrir »Landsbanki« hvarvetna í frv. (í öllum föllum) komi: Þjóðbanki.
3. Við 47. gr. Greinin orðist svo:

   Opinberir sjóðir, sem handbært fje hafa á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvisi hafi verið ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Þessi ákvæði taka þó ekki til Söfnunarsjóðs Íslands. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 4, 3. nóv. 1915.

   Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um Þjóðbanka Íslands.